

# GRÆNA KVERIÐ

- \* *Markmið Ferðamálaráðs Íslands  
í umbverfismálum*
- \* *Lýsing á starfsemi Ferðamálaráðs  
í umbverfismálum*

**FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS**  
*janúar 1996*



333.72  
Græ





## **EFNISYFIRLIT**

- |  |            |
|--|------------|
| 1. MARKMIÐ FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS Í UMHVERFISMÁLUM    | BLS. 1-9   |
| 2. LÝSING Á STARFSEMI FERÐAMÁLARÁÐS Í UMHVERFISMÁLUM | BLS. 10-12 |



*Markmið  
Ferðamálaráðs Íslands  
í umbverfismálum*

*Við allt skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu  
verði litið á það sem grundvallaratriði  
að íslensk náttúra og umbverfi  
bíði ekki tjón af.*

*október 1995*



# EFNISYFIRLIT

1. Inngangur .....	bls. 2
2. Markmið og leiðir .....	" 3
2.1 Stefnumörkun .....	" 3
2.2 Markaðssetning .....	" 4
2.2.1 Landkynning.....	" 4
2.2.2 Fræðsla og þjónusta.....	" 4
2.3 Móttaka.....	" 4
2.3.1 Skipulag .....	" 4
2.3.2 Mannvirkjagerð á ferðamannastöðum.....	" 5
2.3.3 Söfnun upplýsinga um ástand á ferðamannastöðum.....	" 5
3. Fjárförf .....	" 6
4. Framtíðin.....	" 6
5. Niðurlag.....	" 7
Heimildaskrá.....	" 7
Fylgiskjal 1; Lög um skipulag ferðamála (nr. 117/1994).....	" 8
Fylgiskjal 2; Skilgreining á grænni ferðamennsku.....	" 9





# 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um skipulag ferðamála (nr. 117/1994) ber Ferðamálaráði að sinna umhverfismálum á ýmsan hátt. Í 7. grein eru talin upp verkefni Ferðamálaráðs, en flestir liðir þeirrar greinar fela í sér umhverfismál. (Sjá fylgirit bls. 8).

Hreint og ómengað land á að vera ímynd Íslands, en ýmsu er ábótavant og til þess að sú ímynd geti orðið raunveruleg þarf verulegt átak í umhverfismálum:

- \* Traðk og slæm umgengni einkennir marga ferðamannastaði.
- \* Mengun er víða við strendur landsins.
- \* Á ákveðnum svæðum er loftmengun mikil miðað við þær hreinu orkulindir sem Íslendingar eiga yfir að ráða.
- \* Jarðvegseyðing er meiri en við verður unað.
- \* Umgengni og umhirðu mannvirkja í landinu er víða ábótavant.

Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðapjónustan byggir á. Þessi auðlind er viðkvæm og auðvelt að skaða hana ef ekki er farið að með fullri gát. Þau einkenni íslenskrar náttúru sem einkum valda því hversu viðkvæm hún er eru eftirfarandi:

- \* Veðurfar er svalt, vaxtartími plantna stuttur og rotnun lífrænna efna hæg. Eyðing skólps og sorps getur því verið vandamál.
- \* Gróðurlendi hálendisins einkennist víða af mosaríkum sverði með gisnum háplöntugróðri. Slík gróðurlendi eru ákaflega viðkvæm. Þau eru fljót að láta á sjá og lengi að gróa upp.
- \* Í jarðvegi landsins er mikið af áfoksefnum s.s. ösku og vikri. Hann er því laus í sér og auðrofinn.
- \* Gosefni á eldfjallasvæðum eru létt og laus í sér og þola mjög illa alla umferð (samanber gjallgíga).
- \* Mannvirki eru mjög áberandi í íslenskri náttúru vegna þess hve gróður er lágvaxinn, hversu strjálbýlt landið er og hversu víðsýnt er.

Til þess að koma í veg fyrir alvarleg eða jafnvel óbætanleg spjöll á náttúru landsins verður að hafa þessa þætti í huga við skipulag og uppbyggingu ferðamála landsins. Nauðsynlegt er að gera stóráttak á næstu árum til þess að undirbúa ferðamannastaði undir aukið álag.

Til þessa þarf Ferðamálaráð að hafa starfsfólk sem sinnir umhverfismálum og fjárhagslega burði til að styðja þá aðila sem tilbúnir eru að vinna að úrbótum á ferðamannastöðum.

## 2. Markmið og leiðir

Markmið þessarar stefnumörkunar Ferðamálaráðs í umhverfismálum er:

- \* að við allt skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu verði litið á það sem grundvallaratriði að íslensk náttúra og umhverfi bíði ekki tjón af.
- \* að leggja áherslu á fegurð umhverfis, viðhald menningarverðmæta og góða umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðamanna í byggðum sem óbyggðum.

Leiðum til að ná þessum markmiðum er hér skipt í þrjá efnisflokka:



### 2.1. Stefnumörkun:

(Hér er vísað til liðar 1 í 7. gr. laga um ferðamál.)

- \* Ferðamálaráð fylgist með hvað er að gerast í umhverfismálum tengdum ferðaþjónustu innanlands og á alþjóðavettvangi og taki þátt í samstarfi á því sviði.
- \* Við mörkun stefnu í ferðamálum á Íslandi verði haft að markmiði að vernda og viðhalda náttúrulegu umhverfi áfangastaða. Mikilvægt er að tengsl ferðamanns og umhverfis séu skipulögð þannig að umhverfið bíði ekki skaða af samskiptunum og gestir viðkomandi svæða beri gagnkvæma virðingu hver fyrir öðrum.
- \* Aðilar í ferðaþjónustu verði hvattir til og aðstoðaðir við að sveigja rekstur sinn til umhverfisvænni vegar.

Þetta eru m.a. markmið svokallaðrar grænnar eða sjálfbærrar ferðamennsku. (Sjá fylgiskjal 2.)

## 2.2. Markaðssetning:

(Hér er vísað til liða 1, 2, 3 og 4 í 7. gr. laga um ferðamál.)

### 2.2.1 Landkynning

\* Við gerð landkynningarefnis og hverskonar upplýsinga, svo og við markaðssetningu í ferðþjónustu, skal hafa í huga að það eflí skilning og umhyggju einstaklingsins fyrir umhverfi sínu.

\* Við markaðssetningu þarf að höfða til þess hóps ferðamanna sem vill njóta landsins á sem jákvæðastan hátt og í landkynningu skal taka mið af því að náttúra landsins bíði ekki tjón af.

\* Landkynning og markaðssetning taki mið af því hvað landið þolir á áningarstöðum og umferðaleiðum á hverjum tíma.

### 2.2.2 Fræðsla og þjónusta

\* Haldið verði uppi öflugri fræðslu um umhverfismál tengd ferðþjónustu, með námskeiðum og útgáfu leiðbeiningarefnis.

\* Ferðamálaráð leggi áherslu á að ferðþjónustuaðilar taki tillit til umhverfisverndar við skipulagningu ferða.

## 2.3 Móttaka:

(Hér er vísað til liða 1, 4, 9, og 10 í 7.gr. laga um ferðamál.)

### 2.3.1 Skipulag

\* Ferðamálaráð hvetji til skipulagningar á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks, þar sem tekið er mið af því hvað landið þolir á hverjum stað og tíma. Lögð skal áhersla á dreifingu ferðamanna um landið.

\* Ferðamálaráð hvetji sveitar- og bæjarfélög til að taka tillit til þarfa og áhrifa ferðþjónustunnar við stefnumótun í skipulags- og umhverfismálum, ekki síst hvað varðar viðkomu- og dvalarstaði ferðamanna í þéttbýli.

\* Ferðamálaráð stuðli að gerð heildarskipulags á ferðamennsku á hálendi landsins.

\* Gjald verði ekki tekið fyrir að njóta náttúru landsins, en eðlilegt er að greitt sé fyrir þjónustu sem getur verið fólgin í leiðsögn, hreinlætisaðstöðu, tjaldsvæðum og annarri viðlíka aðstöðu á viðkomustöðum ferðafólks.

### 2.3.2. Mannvirkjagerð á ferðamannastöðum.

\* Ferðamálaráð beiti sér fyrir því að stofnuð verði samráðsnefnd um umhverfismál á ferðamannastöðum. Nefndin verði skipuð fulltrúum frá Ferðamálaráði, Náttúruverndarráði og öðrum hlutaðeigandi aðilum. Verkefni nefndarinnar væri að ræða framtíðarskipulag er lýtur að umhverfismálum á ferðamannastöðum; meðal annars hver beri ábyrgð á einstökum svæðum og málaflokkum, dreifingu ferðamanna eftir tegund ferðamenskunnar sem þeir stunda og fleira.

\* Ferðamálaráð stuðli að því með fjárstyrkjum og ráðgjöf að aðstaða á ferðamannastöðum utan þéttbýlis verði bætt í takt við aukinn ferðamannastraum.

\* Ferðamálaráð beiti sér fyrir því að við skipulag, hönnun og staðsetningu mannvirkja, sem byggð eru til að bæta móttöku ferðamanna, verði tekið mið af landslagi og náttúrufari.

Til að ná því markmiði þarf að:

\* sjá til þess að þeir sem standa að mannvirkjagerð geti fengið upplýsingar um þær reglur sem fylgja skal við skipulag og hönnun mannvirkja.

Einnig þurfa að vera til upplýsingar um til hverra skuli leita um álit á áhrifum mannvirkja fyrir umhverfið.

\* stuðla að útgáfu leiðbeininga um mannvirkjagerð á ferðamannastöðum svo sem um gerð göngustíga, trappa, stiga, brúa, vegvísa og leiðbeiningaskilta. Í þeim leiðbeiningum verði listi yfir heppilegt efni til að nota við slíka mannvirkjagerð og yfir verkfæri og annað sem að gagni má koma, einnig aðferðir við að koma leiðbeiningum og upplýsingum á framfæri við ferðamenn, s.s. með upplýsingaskiltum, vegvísunum, stikun leiða og fleira.

\* taka saman upplýsingar um æskilegan búnað á tjaldsvæðum, einnig reglur um skipulag þeirra og rekstur og það sem æskilegt er að hafa í huga þegar þeim er valinn staður.

### 2.3.3. Söfnun upplýsinga um ástand á ferðamannastöðum

\* Ferðamálaráð skal safna upplýsingum og hugmyndum um lausn ýmiss konar umhverfisvandamála sem ferðamennska getur leitt af sér.

\* Ferðamálaráð skal á hverju ári, í samvinnu við ýmsa aðila, afla upplýsinga um ástand á ferðamannastöðum, einkum með tilliti til náttúruverndar og leggja fram tillögur til úrbóta eftir þörfum.

\* Samkvæmt þessum upplýsingum skal raða framkvæmdum í forgangs röð og gera framkvæmdaáætlun sem m.a. verði notuð við fjárlagabeiðni.

\* Ferðamálaráð beiti sér fyrir því að á hverjum tíma séu til aðgengilegar upplýsingar um akstur og umgengi við landið, náttúrufar og öryggismál.

### 3. Fjárförf

Á næstu árum er brýnt að stórbæta aðstöðu á ferðamannastöðum og undirbúa þá undir aukið álag í samræmi við stefnu Ferðamálaráðs í landkynningar- og markaðsmálum. Ljóst er að verja þarf umtalsverðum fjármunum í uppbyggingu á ferðamannastöðum sem og í fyrirbyggjandi aðgerðir. Ferðamálaráð þarf að njóta tekjustofna sinna óskertra til að vera í stakk búið að sinna þeim fjölbættu verkefnum sem lög um skipulag ferðamála leggja ráðinu á herðar.

Óhjákvæmilegt er að fleiri aðilar en ríkið komi að fjámögnun úrbóta á ferðamannstöðum. Þar ber fyrst að nefna sveitarfélögin en ennfremur er brýnt að einstök fyrirtæki eða samtök þeirra styrki og kosti úrbætur.

Ferðamálaráð beiti sér fyrir stofnun sjálfstæðs umhverfissjóðs með þátttöku hagsmunaaðila. Tilgangur umhverfissjóðs: Úrbætur og viðhald, fræðsla og rannsóknir.

Semja þarf framkvæmdaáætlun um úrbætur á ferðamannastöðum í samráði við hagsmunaaðila til að minnsta kosti þriggja ára, líkt og þekkist um framkvæmdir á mörgum öðrum sviðum. Fárhagsáætlanir á síðan að byggja á slíkum framkvæmdaáætlunum.

### 4. Framtíðin

Ferðamálaráð telur að vernd náttúrunnar, ekki síður en nýting hennar, sé óaðskiljanlegur hluti ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar. Ferðamálaráð, sveitarfélög, samtök atvinnurekenda í ferðaþjónustu, starfsfólk í greininni og ferðamenn hljóta því að láta sig náttúruvernd varða.

Ferðamálaráð og Náttúruverndarráð hafa á undanförunum árum átt gott samstarf en nauðsynlegt er að efla samstarf við ýmsa aðra aðila. Því vill Ferðamálaráð standa fyrir stofnun samráðsnefndar þar sem fjallað verði um umhverfismál tengd ferðaþjónustunni, einkum það sem snýr beint að ferðamannastöðum landsins.

Ennfremur leggur Ferðamálaráð til að gert verði sérstakt samkomulag um samstarf ráðsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um uppbyggingu og úrbætur á ferðamannastöðum.

## 5. Niðurlag

Náttúra Íslands er sú auðlind sem ferðaþjónustan byggir á. Hreint og ómengað land og ósnortin náttúra er og á að vera ímynd Íslands.

Vernd og viðgangur náttúrunnar er grundvöllur að framtíðarnýtingu landsins og framgangi ferðaþjónustu, og því verkefni allra sem beint eða óbeint nýta landið.

Markmið stefnumörkunar Ferðamálaráðs í umhverfismálum er:

**\* að við allt skipulag ferðamála og rekstur ferðaþjónustu verði litið á það sem grundvallaratriði að íslensk náttúra og umhverfi bíði ekki tjón af.**

**\* að leggja áherslu á fegrun umhverfis, viðhald menningarverðmæta og góða umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðamanna í byggðum sem óbyggðum.**

Óhjákvæmilegt er að fleiri aðilar en ríkið komi að fjármögnun umhverfisverkefna á vegum Ferðamálaráðs. Ráðinu ber að hafa frumkvæði að viðtæku samstarfi, meðal annars við sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir, um allt það sem lýtur að viðhaldi og verndun náttúrunnar.

## Lög um skipulag ferðamála (nr. 117/1994)

### Í 7. grein laganna segir:

Verkefni Ferðamálaráðs eru þessi:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning og markaðsmál.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Ráðgjöf og aðstoð við aðila ferðaþjónustunnar og samræming á starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfun fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Skipulag námskeiða fyrir aðila ferðaþjónustunnar um samskipti og þjónustu við ferðamenn.
7. Forganga um hverskonar þjónustu og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
8. Starfræksla sameiginlegrar bókunarmiðstöðvar í samvinnu við aðila ferðaþjónustunnar.
9. Samstarf við Náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri sem lög þessi taka til.
10. Frumkvæði að fegrun umhverfis og góðri umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks. Samstarf við einkaaðila og opinbera aðila um snyrtilega umgengni lands í byggðum sem óbyggðum.
11. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
12. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál.
13. Önnur þau verkefni sem Ferðamálaráð ákveður eða því eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

## Fylgiskjal 2

### **Skilgreining á grænni ferðamennsku:**

Til þess að hægt sé að flokka ferðamennsku græna/sjálfbæra þarf hún að:

- \* vera smá í sniðum og þróast hægt og með fullri virðingu fyrir náttúru og íbúum svæðisins.
- \* stuðla að umhverfisvernd samhliða aukinni ánægju af útivist.
- \* leggja áherslu á og draga fram sérkenni svæðisins, náttúrufar og landslag, sögu og menningu.
- \* vinna með viðkomandi héraðsstjórn og stuðla að efnahags- og atvinnuuppbyggingu svæðisins.
- \* byggja upp og styrkja samfélagið á svæðinu.
- \* taka mið af kostnaði en hafa gæði ávallt í fyrirrúmi.
- \* stuðla að notkun bygginga sem eru til staðar og landssvæða sem hefur verið umbylt.
- \* stuðla að notkun almenningsamgangna.

Neytandinn beri hluta af kostnaði vegna viðhalds og umhverfisbóta á ferðamannastöðum.



## Styrkir til umhverfismála

Árlega veitir Ferðamálaráð **styrki til umhverfisbóta** á ferðamannastöðum.

Upphæð sú sem kemur til úthlutunar er ákvörðuð í fjárhagsáætlun Ferðamálaráðs á hverju ári. Undanfarin ár hefur upphæðin hlaupið á fjórum til sex milljónum króna.

Árið 1994 fengu 32 staðir úthlutað styrkjum og á árinu 1995 voru þeir 27.

Í stað þess að veita styrki til ferðamannastaða um allt land á ári hverju hefur sú stefna verið tekin upp að **styrkja framkvæmdir eftir landshlutum**.

Í ljósi þessarar ákvörðunar voru veittir styrkir til Norðurlands og Austurlands árið 1994 og síðan voru veittir styrkir til Suðurlands, Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða árið 1995.

Á árinu 1996 er aftur komið að þeim svæðum sem fengu styrk árið 1994 og þannig koll af kolli.

**Styrkirnir eru auglýstir** rækilega í fjölmiðlum í ársbyrjun.

Auk þess er ferðamálafulltrúum á viðkomandi svæðum send auglýsingin og þeir hvattir til að koma henni á framfæri sem víðast.

Hér á eftir er dæmi um styrkauglýsingu fyrir árið 1996:

Á næsta ári mun Ferðamálaráð Íslands úthluta styrkjum til umhverfisbóta á ferðamannastöðum á Norðurlandi og Austurlandi.

\* Úthlutað verður til framkvæmda **á vegum einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og sveitarfélaga**, sem stuðla að bættum aðbúnaði ferðamanna jafnframt verndun náttúrunnar.

\* Kostnaðaráætlun þarf að fylgja með umsókn svo og önnur skilgreining á verkinu.

\* Nauðsynlegt er að einn aðili sé ábyrgur fyrir verkinu.

\* Styrkir **verða ekki greiddir út fyrir en framkvæmdum og úttekt á þeim er lokið**.

\* Gert er ráð fyrir að umsækjendur leggi fram fjármagn, efni og vinnu til verkefnisins.

\* **Styrkþegum gefst kostur á ráðgjöf** hjá Ferðamálaráði vegna undirbúnings og framkvæmda

Nánari upplýsingar veitir umhverfisfulltrúi í síma 461 2915.

Umsóknum ber að skila á eyðublöðum\* sem fást á skrifstofum Ferðamálaráðs og þurfa þær að berast fyrir 15. febrúar 1996.

\* Sýnishorn af umsóknareyðublaði er aftast er í kverinu.

Sérstök úthlutunarnefnd Ferðamálaráðs sér um að fara yfir umsóknir. Ný nefnd er skipuð á hverju ári og **tilnefna ferðamálasmtök** viðkomandi landshluta fulltrúa í nefndina.

## Önnur umhverfisverkefni

Auk ofanefndra styrkja til umhverfismála kom Ferðamálaráð að úrbótum á ferðamannastöðum á árinu 1995 en þá kom til **sérstök fjárveiting** til fjölsótttra ferðamannastaða.

Við þessar framkvæmdir hefur verið haft viðtækt **samstarf** við landeigendur, sveitarstjórnir, Náttúruverndarráð og Vegagerð ríkisins.

Á árinu 1996 er einnig um slíka fjárveitingu að ræða og því verður haldið áfram á sömu braut.

\*

Á árinu 1995 hófst samstarf við Eimskipafélag Íslands sem hlaut nafnið „**fossar í fóstur**”. Umhverfi Goðafoss og Skógafoss var lagfært auk þess sem skilti var komið upp með upplýsingum um staðhætti.

Samstarfið við Eimskipafélagið mun halda áfram, en fyrirhugað er að taka a.m.k. fjóra fossa til viðbótar „í fóstur”.

Á árinu 1996 verða Dynjandi (Fjallfoss) og Dettifoss fósttraðir af Eimskipafélaginu.

\*

Á árinu 1995 voru **umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands** veitt í fyrsta sinn. Mæltust verðlaunin vel fyrir og verða veitt árlega héðan í frá.

Ferðapjónustan í Vigur á Ísafjarðardjúpi hlaut verðlaunin 1995 en tilnefningar bárust hvaðanæva að af landinu.

**Ferðamálafulltrúar tilnefndu** ferðapjónustuaðila af sínu svæði en nauðsynlegt var að viðkomandi uppfyllti skilyrði sem Ferðamálaráð gaf út í sérstökum leiðbeiningum.

\*

Á árinu 1994 hóf Ferðamálaráð námskeiðahald um allt land. Haustið 1995 bættist umfjöllun um **umhverfismál** við námskeiðin. Haldið verður áfram á sömu braut en **umhverfisfræðsla** innan ferðapjónustunnar er brýnt verkefni.

\*

Samkvæmt álit Samgönguráðuneytisins  
**ber skipulagsstjóra ríkisins að leita umsagnar Ferðamálaráðs**  
vegna hvers konar framkvæmda  
á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.

Umhverfisfulltrúi vinnur þessar umsagnir sem síðan eru lagðar fyrir framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs.

## Ráðgjöf

Allir þeir sem starfa við ferðaþjónustu eða tengjast henni á einhvern hátt geta leitað til Ferðamálaráðs varðandi ráðgjöf í umhverfismálum.

\*

Umhverfisfulltrúi Ferðamálaráðs veitir ráðgjöf **varðandi tjaldstæði, göngustíga, merkingar, snyrtingar, frárennismál, sorpförgun** o.fl. sem gæta þarft að þegar ferðamannastaður er skipulagður.

\*

Kröfur um útlit mannvirkja hafa aukist mikið og er því oft nauðsynlegt að leita til hönnuðar.

Akureyri, janúar 1996



## UMSÓKN UM STYRKI TIL ÚRBÓTA Á FERÐAMANNASTÖÐUM

Umsækjandi: \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Sími/fax: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Heiti verks: \_\_\_\_\_

Stutt lýsing á því sem sótt er um styrk til: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Ástand í dag: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðsókn á ári eða öðru tímabili: \_\_\_\_\_

Hvaða þjónusta er í boði í nágrenninu? \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Sótt um styrk að upphæð:

kr. \_\_\_\_\_

Sundurliðuð kostnaðaráætlun:

1. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

2. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

3. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

4. \_\_\_\_\_ kr. \_\_\_\_\_

Kostnaðaráætlun alls:

kr. \_\_\_\_\_

Áætluð verklok \_\_\_\_\_ \*

Hvernig verður umsjón og eftirliti hagað? \_\_\_\_\_

Rekstraraðili: \_\_\_\_\_

Tekjur af svæðinu: \_\_\_\_\_

Hjálagt ef við verður komið:

Yfirlitsmyndir eða kort af svæðinu \_\_\_\_\_

Útlitsteikning á mannvirki sem sótt er um styrk til \_\_\_\_\_

Annað: \_\_\_\_\_

Ábyrgðarmaður (skrifist með prentstöfum): \_\_\_\_\_

Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Sími/fax: \_\_\_\_\_

Undirskrift ábyrgðarmanns

\*Verki skal lokið eigi síðar en 15. september 1996, undanþágur eru ekki veittar.

ATH: STYRKIR ERU EKKI GREIDDIR ÚT FYRR EN AÐ VERKI LOKNU.